

fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 59/1887.

Sveinn Sveinsson
vegna trjesmiðafjelagsins
í Reykjavík
gegn
Gunnari Gunnarssyni.

Dómur:

Vorið 1886 seldi Einar prentari Þórðarson húseign sína í Reykjavík 6 trjesmiðum samastaðar, og er afsalsbrjefið dagsett 18. maímán. nefnt ár. Kaupverðið var ákveðið 6000 kr., og áttu kaupendurnir að greiða það sumpart með því, að leysa inn veðskuld til landsjóðsins, er hvíldi á húsinu, og sumpart með því, að veita seljandanum sómasamlega framfærslu til dauðadags, og sjá fyrir útför hans að honum látnum, svo og ala önn fyrir dóttur hans, meðan hún væri á ómaga-aldri. Haustið næst á eptir stofnuðu kaupendurnir, áminnztir 6 trjesmiðir, fjelag með sjer, er þeir nefndu „Trjesmiðafjlagið í Reykjavík“, og gengu þá enn nokkrir fleiri trjesmiðir í það. Hinn 9. nóvembermán. þá um haustið voru samþykktar nokkrar greinir, er áttu að gilda sem lög fyrir fjelagið fyrst um sinn, eða þangað til regluleg lög væru samin fyrir það. Var svo á fundi hinn 14. nóvembermán. næst á eptir samþykkt, að semja slík lög fyrir fjelagið, og 5 manna nefnd kosin til þess. Fje-

lagslögin, er nefndin samdi, voru síðan lögð fram á fjelagsfundi hinn 9. jan. f. á., og aptur á fundum hinn 30. jan. og 1. febr., og á þessum fundum virðast þau hafa verið samþykkt með öllum þorra atkvæða fjelagsmanna. Hinn stefndi, Gunnar snikkari Gunnarsson, er var kominn í fjelagið hinn 9. nóvember 1886, ritaði formanni fjelagsins, Sveini snikkara Sveinsyni, sem er áfrýjandi máls þessa, brjef hinn 11. marzmán. f. á., og sagði sig þá úr fjelaginu ásamt 2 öðrum trjesmiðum, og segjast þeir „skoða sig upp frá þeim degi að öllu leyti óháða lögum fjelagsins, reglum og venjum“. Fyrir þá sök höfðaði formaður fjelagsins, áfrýjandinn, í umboði þess mál á móti hinum stefnda til þess að fá hann með dómi skyldaðan til að taka aptur úrsögn sína úr fjelaginu, eða að öðrum kosti greiða í sjóð þess tveggja ára gjöld, 180 kr. 12 a., eða til vara tveggja ára tillög, 76 kr. 80 a., svo og til þess að greiða málskostnað o. fl.— Dómur var kveðinn upp í málinu á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 16. júnímán. f. á., og var hinn stefndi sýknaður, að öðru leyti en því, að honum var gjört að greiða 8 kr. sekt til landsjóðs og 10 kr. í málskostnað til sækjanda, fyrir þá skuld að hann eigi nætti á sáttafundi, en sendi annan mann í sinn stað, án þess að sanna forföll sín og án þess að veita umboðsmanninum löglegt umboð til að sættast á málið. Dómi þessum hefur Sveinn snikkari Sveinsson, fyrir hönd trjesmiðafjelagsins í Reykjavík, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 14. desbr. f. á., og gjört þær rjettarkröfur, að hinn stefndi verði skyldaður til, svo framarlega hann eigi innan einhvers hæfilegs tíma, er yfirdómurinn ákveður, tekur aptur úr-

sögn sína úr trjesmiðafjelaginu í Reykjavík, að greiða tveggja ára tillög til fjelagsins með 180 kr. 12 a., eða til vara 76 kr. 80 a.; að hann verði sektaður fyrir að mæta eigi á sáttafundi, og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undirrettir og yfirdómi með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður, og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir báðum dómum, eða til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandinn dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Þar sem stefndi fyrir undirrettinum hefur haldið því fram, að málinu beri að frá vísa fyrir þá sök, að rjettarkröfur sækjanda sjeu svo óglöggar og óákveðnar, að dómur verði eigi lagður á þær, og þar næst ber fram sem sýknu-ástæðu, að sækjandinn sje ekki *actor competens* og að hann bresti löglega heimild til að sækja málið fyrir hönd fjelagsins, þá hefur stefndi eigi itrekað þessar varnarástæður fyrir yfirdóminum, og virðist hann því hafa fallið frá þeim, enda er sýnt í hinum áfrýjaða dómi, að þær geta eigi tekizt til greina í málinu. En það er aðal-sýknarástæða hins stefnda, að hann hafi aldrei samþykkt eða undirgengizt lög trjesmiðafjelagsins, þau er fram lögð eru í málinu, og sem áfrýjandi byggir rjettarkröfur sínar á, og sjeu þau því eigi skuldbindandi fyrir sig. Þetta virðist þó koma í beina mótsögn við brjef hans til áfrýjanda, dags. 11. marzmán. f. á., (Nr. 7 í dómsgjörðum undirrettarins), en í því lýsir hann því yfir, að hann segi sig úr trjesmiðafjelaginu, og *upp frá þeim degi* skoði sig óháðan lögum þess,

reglum og venjum. Það verður að fallast á það, að stefndi hafi hjer, er hann nefndi *lög* fjelagsins, einmitt vitnað til þeirra fjelagslaga, sem fram eru lögð í málinu, og að vitni meiri hluta fjelagsmanna voru samþykkt á fundum hinn 30. jan. og 1. febr. f. árs. Það er komið fram í málinu af hálfu áfrýjanda, að stefndi hafi verið á fjelagsfundum hinn 30. jan. f. á., þá er fyrri hluti nýnefndra laga var samþykktur; hinn 6. febrúarmán., þá er samþykkt var, að beita þessum lögum við einn fjelagsmann, er sagði sig úr fjelaginu; aptur á öðrum fundi sama dag, og var hann þá kosinn gjaldkeri fjelagsins samkvæmt nýnefndum lögum, og enn hinn 13. febrúar og 6. marz; á þessum síðari fundi var kosinn annar gjaldkeri í staðinn fyrir stefnda, og skilaði stefndi þá af sjer peningum fjelagsins, er í hans vörzlum voru, til hins nýkosna gjaldkera. Stefndi hefur ekki neitað því, að hann hafi verið á þessum fundum, að það hafi fram farið á fundunum, sem hjer er skráð, — og þá hefur það í þessu efni enga þýðingu, þótt hann mótmæli sönnunargildi fundarbókar fjelagsins almennt og yfir höfuð að tala —, en þessi atvik í sambandi við brjef stefnda, dags. 11. marz f. á., sýna það ótvírætt, að hann hafi verið háður hinum ný-samþykktu lögum fjelagsins, þá er hann sagði sig úr því, og að honum sjálfum hafi verið þetta full-ljóst. Þar sem stefndi hefur haldið því fram, að þó svo væri álitid, að hann hefði samþykkt fjelagslögin, þá væri hann þó leystur frá öllum skuldbindingum þeirra fyrir þá skuld, að hann hafi verið leyndur vaxta-eptirstöðvum til landsjóðs, er hvíldu á húseign fjelagsins, og síðar komu upp, þá ber að geta þess, að eptir ómót-

mæltum framburði áfrýjanda, sem kemur heim við fundar-
bók fjelagsins, var stefnda gjört kunnugt um þessar
eptirstöðvar nálægt því mánuði áður en hann sagði
sig úr fjelaginu, og tók hann eptir það umtalslaust
þátt í störfum fjelagsins, og það jafnvel sem embætt-
ismaður þess, enda er ekki í úrsagnarbrjefi stefnda
vikið að þessu atviki um eptirstöðvarnar með einu
orði. Það verður eigi betur sjeð, en að stofnendum
fjelagsins sjálfum hafi upprunalega verið ókunnugt
um þessar vaxta-eptirstöðvar, og að þeir hafi þegar
skýrt hinum öðrum fjelagsmönnum frá þeim, er þeir
fengu vitneskju um þær. Það verður því eigi sam-
þykkt, að áminnzt atvik hafi haft þá rjettarverkun
fyrir stefnda, að hann hafi losazt við skuldbindingar
sínar sem fjelagsmaður.

Þá koma til álita rjettarkröfur áfrýjanda, og þá
fyrst krafan um, að stefndi verði dæmdur til að taka
aptur úrsögn sína úr fjelaginu. Með því að lög fje-
lagsins heimila hverjum fjelagsmanni að ganga úr
fjelaginu, þegar honum þykir það henta, verður þessi
krafa eigi tekin til greina, en spurning verður þá
um afleiðingarnar af úrsögn stefnda úr fjelaginu að
öðru leyti. Um þetta ákveður 20. gr. fjelagslaganna
í 1. málslíð, að „enginn meðlimur geti gengið úr fje-
laginu, fyr en hann hafi greitt í fjelagssjóð sem svari
öllum þeim útgjöldum, sem sjerhverjum stofnanda
þess bar að borga tvö fyrstu fjelagsárin frá nýári
1887“. Þessi ákvörðun er skýlaus, og verður að
skilja 22. gr. laganna samkvæmt henni eða með þeirri
takmörkun, sem hún (20. gr. laganna) hefur sett,
sem sje að hún ræði um úrsögn þeirra fjelagsmanna,
sem búnir eru að vera í fjelaginu í 2 ár, eða búnir

eru að greiða í fjelagssjóð sem svari tveggja ára fjelagsgjöldum hvers stofnanda fjelagsins. Með þessari skýringu laganna, sem er heimilud eptir almennum lagaskýringar-reglum, hverfur mótsögn sú og ósamkvæmni milli hinna einstöku laga-fyrirmæla, sem um getur í hinum áfrýjaða dómi, og þar hefur ráðið úrslitum. Með þessu móti verða og vel skiljanleg og samræmileg við nýnefndar greinir fyrirmælin í 19. gr. og í 20. gr. 2. málslið laganna. Þegar nú hinn stefndi sagði sig úr fjelaginu 11. marzmán. f. á., hlaut hann að koma beint undir fyrirmæli 20. gr. laganna, og samkvæmt því vera skyldur að greiða í fjelagssjóð sem svari öllum þeim útgjöldum, er hverjum stofnanda samkvæmt lögnum bar að borga 2 fyrstu fjelagsárin frá nýári 1887, og er það svo að skilja, að greiðsla þessi kom í gjalddaga, jafnframt og hann sagði sig úr fjelaginu. Samkvæmt þessu hefur áfrýjandi og stilað sínar rjettarkröfur. En þar sem hann í aðalkröfu sinni telur til þessara gjalda afborgun og vexti af landsjóðsskuld, forlagseyri með Einari Þórðarssyni og dóttur hans, lóðargjald og brunabótagjald af fjelagshúsinu, þá er slík gjaldkrafa á hendur stefnda eigi heimilud með lögum fjelagsins. Sjerstaklega leggur 2. gr. fjelagslaganna enga ákvedna skuldbinding á einstaka fjelagsmenn, en inniheldur að eins yfirlýsingu um það mark og mið, sem fjelagið á fyrst og fremst að keppa að. Eigi er heldur áminnt gjaldkrafa á hendur stefnda heimilud með kaupbrjefinu 18. maímán. 1886, því að það er eigi sannad, að stefndi hafi nokkru sinni undirgengizt skuldbindingarnar í afsalsbrjefinu, og eigi er þeirra getið í 20. gr. laganna. Þau gjöld, sem stefndi undir-

gekkst að greiða, jafnframt og hann undirgekkst fjelagslögin, eru þriggja króna mánaðarlegt tillag eptir 24. gr. laganna, og 60 aura ársfjórðungstillag eptir 38. gr. laganna; að hann, með því að samþykkja 20. gr. laganna, hafi undirgengizt aðrar eða frekari greiðslur til fjelagssjóðsins, er eigi sýnt með nægilegum rökum í málinu; fjelagslögin leggja eigi aðrar *úkveðnar* greiðslur en þessar hvorki á stofnendur fjelagsins nje aðra fjelagsmenn. Krafa áfrýjanda um, að stefndi verði dæmdur til að greiða 180 kr. 12 a., sem væntanlegan tveggja ára hluta hans af landsjóðsskuldinni á fjelagshúsinu, af framfærslukostnaði Einars Þórðarsonar og dóttur hans, og ýmsum öðrum áfallandi gjöldum, verður því eigi tekin til greina, en aptur ber samkvæmt hinu framanritaða að taka þá vara-kröfu áfrýjanda til greina, að stefndi verði dæmdur til að greiða tveggja ára tillög til fjelagsins frá 1. jan. 1887 að telja, samkvæmt 24. og 38. gr. laganna, samtals 76 kr. 80 aura, og skal þess jafnframt getið, að stefndi hefur eigi borið það fram, að hann hafi verið búinn að borga nokkuð af þessum gjöldum, þá er hann sagði sig úr fjelaginu. Um að dæma áfrýjanda vexti af upphæðinni er eigi að ræða, með því að þeirra hefur eigi verið krafizt.

Að því er snertir sekt eptir tilskipun 11. ágúst 1819 og málskostnað í hjeraði á hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur að vera óraskaður. Sem málskostnað fyrir yfirdómi á stefndi að greiða áfrýjanda 20 kr. Krafa umboðsmanns áfrýjanda um, að tilgreint orðatiltæki í vörn stefnda verði dæmt ómerkt, og umboðsmaður stefnda sektaður fyrir það, þykir eigi á nægum rökum byggð.

Því dæmist rjett að vera:

Stefndi, snikkari Gunnar Gunnarsson, á að greiða áfrýjandanum, Sveini snikkara Sveinssyni, fyrir hönd Trjesmiðaffelagsins í Reykjavík, 76 kr. 80 aura og í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr. Um sekt og málskostnað fyrir undirrjetti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans; ella sæti stefndi aðför að lögum.

Mánudaginn 16. aprílmán.

Nr. 10/1888.

Rjettvísinn

gegn

Margrjeti Auðunsdóttur.

D ó m u r :

Eptir að rjettarpróf höfðu verið haldin í Kjósar- og Gullbringusýslu út af ýmislegum þjófnaði, frömdum í Hafnarfirði veturinn 1886 og 1887, fyrir-skipaði antið með brjefi, dags. 4. des. f. á., sakamáls-höfðun gegn hinni ákærðu, Margrjeti Auðunsdóttur, fyrir brot gegn 240. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, svo og annari sakborinni persónu fyrir þjófnað, og var mál það, sem samkvæmt þessari skipun var höfðað gegn hinum ákærðu, dæmt í aukarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu hinn 27. janúarmán. þ. á., þannig að því er snertir Margrjeti Auðunsdóttur, að hún skyldi sæta fangelsi við vatn og